

**240. fundur skipulags-og bygginganefndar
haldinn Fundað í gegn um fjarfundarkerfi, 18. maí 2020
og hófst hann kl. 18:15**

Fundinn sátu:

Páll Vignir Þorbergsson, Guðlaug Jónína Ágústsdóttir (GÁ), Ragnheiður Harpa Sveinsdóttir, Gunnar Ásgeirsson, Ragnar Már Ragnarsson, Bjarnfríður Vilhjálmsdóttir (BV) og Sigurður Grétar Jónasson (SGJ).

Fundargerð ritaði: Bjarnfríður Vilhjálmsdóttir, skipulagsfulltrúi

Dagskrá:

1. Fákaborg - Breyting á deiliskipulagi - 1906011

Lögð fram að nýju tillaga að breytingu á deiliskipulagi Fákaborgar dags. 17.03.2020 unnin af W7 slf fyrir Hesteigandafélag Stykkishólms. Megin tillögubreytingar felst í leyfi fyrir stækkun á þegar byggðri reiðskemmu og hesthúsum og tilfærslu á óbyggðum lóðum og byggingarreitum, til að auka rými fyrir miðjusvæði, bílastæðum og aðgengi að gerðum.

Deiliskipulagstillagan var í kynningu samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 frá 1. apríl 14. maí 2020. Engar athugasemdir bárust.

Skipulags-og byggingarnefnd vísar deiliskipulagstillögu til afgreiðslu í bæjarstjórn.

Vísað til bæjarstjórnar

2. Ægisgata 6 - stækkun á svölum - 2005003

Rúnar Birgisson sækir um leyfi til að stækka svalir á suðurhlið hússins við Ægisgötu 6, samkvæmt teikningum frá Sigurbjarti Loftssyni W7 slf, dags. 28.04.2020.

Erindi er vísað frá byggingarfulltrúa til ákvörðunar um grenndarkynningu.

Skipulags-og byggingarnefnd telur grenndaráhrif óveruleg og vísar erindi til byggingarfulltrúa.

Vísað til umsagnar og afgreiðslu

3. Þétting byggðar - Tillögur að þéttingu byggðar - 1809017

Lagðar eru fram hugmyndir að þéttingu byggðar þar sem lóðir við Áskinn, Lágholt 11b, Móholt og Borgarflöt eru sérstaklega teknar til skoðunar, ásamt yfirliti yfir áður fram komnar hugmyndir að þéttingu byggðar.

Skipulags- og byggingarnefnd tekur jákvætt í þéttingu byggðar en telur nauðsynlegt að hver reitur sé skilgreindur nánar.

Nefndin felur skipulagsfulltrúa að leita umsagnar Hesteigendafélagsins vegna tillögu að þéttingarsvæði við Móholt.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:36

Páll Vignir Þorbergsson

Guðlaug Jónína Ágústsdóttir
(GÁ)

Ragnheiður Harpa
Sveinsdóttir

Gunnar Ásgeirsson

Ragnar Már Ragnarsson